

„Drottinn!“ æptu þeir, „þú gafst oss dýrmæta gjöf— en gjöfin var ekki fullkomin. Gjör oss svefninn ævarandi!“

Vishnú lét brún síga, er hann heyrði þessa bæn, og mælti:— „Börn! það er ekki á mínu valdi. Takið vaðið út yfir ána, mun yður þar veitast það, er þér beiðist nú,— hinumegin fljótsins.“

Mannfjöldinn hlýddi og streymdi strax ofan að lindinni, og þeir fóru að horfa yfir á hinn bakkann.— Hins vegar lindarinnar lygnu, tæru og þögulu og blómpöktu var Land dauðans— ríki Síva.

Þar reis ekki sól né settist. Þar var hvorki dagur né nótt.

Yfir landinu grúfði sig grábleikur dagseturs roði. Hvergi bar þar á skugga. Bleikrjóða ljósið brauzt hvarvetna í gegnum sem úr því væri allir hlutir gjörðir. Né bar landið með sér einverublae eða svipleysi. Þar kvísluðust dalir í ýmsar áttir, er strásettir voru hólum og hæðum, vöxnum blómgudum trjám, girtum vínviði. Þrúgur og víðistangir vöfðust að berginu. En björg, tré og urtastangir voru gagnsæ sem kristall, líkt og væri þau ofin út úr ljósinu. Víðirblöðin báru lit morgunroðans, og virtist sem allt væri hverft í meðvitundarleysi, sætt og unaðsríkt, svo að Land lifenda hafði ekkert þvílíkt þekkt.

Tilveran öll hvíldist í draumfögru, væðarríku hálfrökkri og friðarljúfum eilífum svefni. Þar var engin hreyfing lofts eða lagar, blómin bærðust ekki, laufin á trjánum blöktuðu ekki.

Það sló þögn yfir hina háværðu mannþyrpingu þar á bakkannum, þegar hún leit þessa sýn strandarinnar hljóðu fyrir handan, vafða þessari geisladýrð.

„Hvílíkur friður! Hvílík þögn!“ hvísluðu menn hljótt. „Já, þar er hvíld, þar er svefninn eilífi! Förum yfirum, leitum þess eilífa svefns!“ sögðu nokkrir, er mjög voru aflvana og að fram komnir.

Þeir gengu fram í vatnið. Það var sem hið gullna yfirborð þess gengi til beggja hliða fyrir þeim, til að greiða þeim veg. Þeir, sem eftir stóðu, reyndu að aftra hinum frá ferðinni og fá þá til að hverfa aftur, angurværir yfir viðskilnaðinum,— en til einskis. Enginn maður snéri við. Þeir héldu áfram, fjarlægðust meir og meir— heillaðir af töfrasýnni. Og mannþyrpingunni, er horfði af árbakkanum frá Landi lifenda á eftir þeim,